

Sp. 419. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um athugun á því, hvernig ungir menn verði örvaðir til þátttöku í sjómennsku, og um skólaskip.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Magnús Jónsson,
Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um leiðir til þess að örva unga menn til þátttöku í sjómennsku og fiskveiðum. Skal hún m. a. athuga möguleika á rekstri skólaskips fyrir ung sjómannaefni og gera tillögur og kostnaðaráætlun um útgerð þess og tilhögun hennar.

Nefndin skal hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin ár hefur ríkt mikill og vaxandi skortur á sjómönnum til þess að manna íslenska fiskiskipaflotann. Hefur því orðið að fá erlenda sjómenn til starfa á skipunum, bæði togurum og vélbátum. Samkvæmt upplýsingum Landssambands íslenskra útvegsmanna munu nú vera um 1000 færeyskir sjómenn á íslenskum fiskiskipum. Er það a. m. k. 1/3 hluti allra þeirra sjómanna, sem á flotanum eru.

Engum dylst, að ef Íslendingar verða framvegis að manna fiskiskipaflota sinn erlendum mönnum, er vá fyrir dyrum. Þessi þjóð byggir útflutning sinn enn sem komið er nær eingöngu á sjávarútvegi og sjósókn. Arður hennar byggist fyrst og fremst á þátttöku hennar í þessari atvinnugrein. Rekstur hennar með erlendu vinnuafli kostar mikil útgjöld í erlendum gjaldeyri, þar sem greiða verður hinum erlendu sjómönnum laun að meira eða minna leyti í mynt þeirra eigin lands.

Í tillögu þessari er því lagt til, að Alþingi feli 5 manna nefnd, er það kys sjálf, að rannsaka og gera tillögur um leiðir til þess að örva unga menn til þátttöku í sjómennsku og fiskveiðum. Er m. a. gert ráð fyrir því, að hún athugi möguleika á rekstri skólaskips fyrir ung sjómannaefni og geri tillögur og kostnaðaráætlun um útgerð þess og tilhögun hennar.

Margir sjómenn, fiskimenn og farmenn hafa haldið því fram, að rekstur skólaskips væri líklegur til þess að auka áhuga ungra manna fyrir sjósókn og siglingum. Er þá einnig á það bent, að mestu siglingaþjóðir heims hafa rekið slík skip með góðum árangri.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að nauðsynlegt sé að kryfja það til mergjar og fá úr því skorið, hvort íslensk sjómannastétt, samtök hennar og stofnanir sjávarútvegsins telja, að rekstur skólaskips gæti orðið hér að því gagni, sem um hefur verið rætt.

Þá er og gert ráð fyrir því í tillögunni, að nefnd sú, sem Alþingi kys til þess að vinna þetta þýðingarmikla verk, hafi samvinnu og nán samráð við samtök sjómanna og útvegsmanna. Ef stofnað hefur verið sérstakt samband sjómannafélaga í landinu, meðan á athugun þeirri stendur, sem tillagan gerir ráð fyrir, ber að sjálfsögðu að leita álits þess og tillagna.